

**Nd.**

## **778. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið ásáttur við samnefndarmenn mína um afgreiðslu þessa máls. GP og GTh vilja samþykkja frv. óbreytt, en StJSt og ÞB vilja vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Á þessa málsmeðferð get ég hjá hvorugum minnihlutanum fallizt. Ég álit, að sum atriði frv. sé réttmætt að samþykkja, t. d. þau atriði þess, er lúta að því að auðvelda húseiganda að losa húsnæði, þegar hann vill byggja og auka á þann hátt húsakost sinn.

Hins vegar treysti ég mér ekki til að fallast á ýmis önnur ákvæði frumv., er auðvelda svo mjög að segja upp íbúðarhúsnæði. Byggi ég það álit mitt á því, er mér hefur verið tjáð af ýmsum fróðum mönnum hér í bænum, og þá einnig og ekki hvað sízt á álitni húsaleigunefndar, sem prentað er með álitni minni hlutans á þskj. 730. En eins og sjá má á álitni húsaleigunefndar, þá „getur húsaleigunefndin ekki annað en mælt eindregið gegn því, að frumv. þetta verði samþykkt.“

Nefndin rökstyður þessa ályktun sína allýtarlega, og virðist ekki annað hægt en taka mikið tillit til þessa álits við afgreiðslu málsins, á meðan annað liggur ekki fyrir, er hnekki álitni nefndarinnar. Ekki er þó annað hægt en viðurkenna, að húsaleigulögin takmarka mjög eignarrétt húseigenda. Og vafalaust hafa þau mörgum valdið óþægindum og tjóni. Mér hafa verið tjáð ýmis dæmi um það, sem ég hef cnga ástæðu til að efast um, að séu rétt.

Það væri því sannarlega æskilegt, að hægt væri að veita húseigendum meiri rétt en þeir hafa nú til þess að ráða yfir húseignum sínum. En eins og enn er ástatt um húsnæði í Reykjavík, sé ég mér ekki fært að leggja til, að það verði, að svo stöddu, gefið að öllu leyti eins frjálst og frumv. gerir ráð fyrir, sérstaklega þegar þess er gætt, að það er gegn eindregnum mótmælum þeirra manna í bænum, er sakir starfa síns hafa allra bæjarbúa mesta þekkingu og kunnugleika á húsnæðismálunum í bænum.

Allsherjarnefnd vildi gjarnan fá sem beztar og gleggstar upplýsingar um málið. Nefndinni var ljóst mikilvægi þess og vildi byggja afgreiðslu sína á því á staðgóðri þekking. Fyrir þær sakir óskaði nefndin ekki aðeins eftir álitni húsaleigunefndar,

heldur einnig eftir álitum bæjarráðs. Með því móti hugði nefndin, að hún fengi einna gleggstar upplýsingar um málið í heild.

Álit bæjarráðs barst nefndinni, og er það prentað með álitum minni hl. á þingskjali 730. Álit bæjarráðs er rúm ein lína og er svo hljóðandi: „Bæjarráðið telur eðlilegt, að ákvæði húsaleigulaganna séu rýmkuð jafnskjótt og Alþingi telur fært.“

Úr því að bæjarráð lét í ljós nokkurt álit, sem því að vísu bar fullkomlega siðferðisleg skylda til, ekki sízt vegna bæjarbúa sjálfra, hefði mátt vænta þess, að það væri eitthvað á álitum þess að græða. En svo er ekki. Það upplýsir ekkert, hvernig ástætt er um húsnæði í bænum. Það veitir engar upplýsingar um áhrif húsaleigulaganna á hag og aðbúð húseigenda. Það forðast alveg að gefa nokkuð til kynna, hvað líði aukningu á húsnæði í bænum eða hvort um nokkurn skort á því sé að ræða. En húsnæðisskorturinn í Reykjavík, eins og hann er nú, mun af mörgum talinn eitthvert mesta vandamál bæjarins. Með öðrum orðum, það upplýsir málið ekkert. Það lætur sem því komi það ekkert við. Bæjarráðið gefur með þessu til kynna, að Alþingi verði að ráða fram úr málinu fyrir bæjarbúa án upplýsinga eða tillagna frá því.

Þar sem hér er um stórmál að ræða og jafnframt mikið vandamál fyrir íbúa Reykjavíkurbæjar, bæði húseigendur og leigutaka, efast ég um, að til sé nokkurt dæmi um jafnlélega afgreiðslu á máli hjá stjórnarvöldum nokkurs bæjarfélags hér á landi, fyrr eða síðar, og afgreiðsla þessa máls er hjá bæjarráði Reykjavíkur.

Ég mun nú hiðna átekt, hvernig tekst til með hina rökstuddu dagskrá á þskj. 751 við 2. umr. málsins. Verði hún felld, mun ég við 3. umr. þess bera fram breyttingartillögur við frumv. Fylgi mitt við frv. áfram er undir því komið, að þær till. verði samþykktar.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Jörundur Brynjólfsson.